

Geymslu húsnæði minjasafn í Örlygshöfn

Til : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>
Frá : Árni Helgason <arnihelgason@msn.com>
Heiti : Geymslu húsnæði minjasafn í Örlygshöfn
Málsnúmer : 2606088
Málsaðili : Árni Helgason
Höfundur : Árni Helgason <arnihelgason@msn.com>
Dagsetning : 13.6.2026 22:08:35

Örlygshöfn, 13. Júní 2026.

Til bæjarstjóra og bæjarstjórnar Vesturbyggðar

Undirritaður óskar hér með eftir því að bæjarstjórn Vesturbyggðar taki til umfjöllunar mögulegt samkomulag um gamla kaupfélagshúsið í Örlygshöfn. Húsið er núna nýtt sem geymsluhúsnæði fyrir safn og hefur undirritaður áhuga á að fá húsið til eignar, eftir nánara samkomulagi við Vesturbyggð. Í staðinn leggur undirritaður til að Vesturbyggð fái til eignar um 80 fermetra geymslurými í nýbyggðri skemmu sem undirritaður hyggst byggja.

Markmiðið með erindinu er að kanna hvort hægt sé að finna lausn sem nýtist báðum aðilum. Vesturbyggð fengi þannig áfram hentugt geymslurými fyrir safnið en gamla kaupfélagsbyggingin gæti fengið nýtt hlutverk og nýtingu í Örlygshöfn.

Undirritaður óskar eftir viðræðum við bæjarstjóra og/eða bæjarstjórn um málið og er reiðubúinn að veita nánari upplýsingar um fyrirhugaða skemmu, staðsetningu, aðgengi, afhendingu geymslurýmis og önnur atriði sem máli skipta.

Virðingarfyllst,

Árni Helgason

[160478-3069](tel:160478-3069)

Ás, Örlygshöfn

[8971255](tel:8971255)

arnihelgason@msn.com